

# **Náttúruminjasafn Íslands**

**16 202**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Náttúruminjasafn Íslands**  
**kt. 5207074-0340**  
**Brynjólfsögðu 5, 107 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu. Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá 02-911.

Viðfang 02 911 101 var flutt á 16 202 101.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 183,8 milljónir og afkoma kr. -52,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -128,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 151,3 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Náttúruminjasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Náttúruminjasafns Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Hilmar J. Malmquist  
Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	125.900.000	103.100.000
Vörusala .....		9.412.884	1.492.318
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	27.978.980	13.214.777
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	20.496.199	21.037.572
<b>Tekjur samtals</b>		<b>183.788.063</b>	<b>138.844.667</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	141.006.808	149.538.263
Annar rekstrarkostnaður .....	5	74.655.748	56.355.722
Afskriftir .....	6	20.496.199	21.037.572
<b>Gjöld samtals</b>		<b>236.158.755</b>	<b>226.931.557</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(52.370.692)</b>	<b>(88.086.890)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		732	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(41.148)	(9.383)
		(40.416)	(9.383)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(52.411.108)</b>	<b>(88.096.273)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		113.641.889	130.764.838
Aðrar eignir .....		11.656.995	8.681.694
		<u>125.298.884</u>	<u>139.446.532</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>125.301.862</u>	<u>139.467.337</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	8	502.905	317.149
Tengdir aðilar .....	9	2.170.051	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	23.291.309	7.271.423
		<u>25.964.265</u>	<u>7.588.572</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>25.964.265</u>	<u>7.588.572</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>151.266.127</u>	<u>147.055.909</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Rein eign .....		(128.137.381)	(75.726.273)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(128.137.381)</u>	<u>(75.726.273)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	338.382.082	257.900.709
Viðskiptaskuldir .....	12	8.061.154	4.039.538
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	1.943.514	10.128.978
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	(68.983.242)	(49.287.043)
		<u>279.403.508</u>	<u>222.782.182</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>279.403.508</u>	<u>222.782.182</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>151.266.127</u>	<u>147.055.909</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(52.411.108)	(88.096.273)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	20.496.199	21.037.572
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(20.496.199)	(21.037.572)
		<u>(52.411.108)</u>	<u>(88.096.273)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(16.205.642)	(2.123.498)
Tengdir aðilar .....		72.780.598	87.352.414
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(4.163.848)	2.867.357
		<u>52.411.108</u>	<u>88.096.273</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(6.330.724)	(7.123.830)
		<u>(6.330.724)</u>	<u>(7.123.830)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		5.530.724	6.323.830
Fjárfestingarframlag .....		800.000	800.000
		<u>6.330.724</u>	<u>7.123.830</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	125.900.000	103.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	20.496.199	21.037.572
	146.396.199	124.137.572

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	125.100.000	0	0	125.100.000
Launabætur .....	800.000	0	0	800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>125.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>125.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(178.311.108)	0	0	(178.311.108)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(52.411.108)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(52.411.108)</b>

	2022	2021
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	204.000	3.200.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	27.774.980	7.910.777
Ýmsar tekjur .....	0	2.104.000
	27.978.980	13.214.777

	2022	2021
<b>4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	121.443.703	121.727.851
Orlof, breyting .....	(7.452.334)	1.071.795
Launatengd gjöld .....	26.664.939	26.422.237
Starfsmannakostnaður .....	350.500	316.380
	141.006.808	149.538.263
Meðalfjöldi stöðugilda .....	11,7	12,1

## Skýringar

	2022	2021
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	820.271	343.186
Byggingarvörur, almennar ....	28.271	2.610
Byggingarvörur, aðrar ....	8.698	3.438
Ýmis tæki og áhöld ....	162.467	57.560
Orkugjafar ....	350.455	431.600
Matvæli ....	727.946	556.635
Almennar rekstrarvörur ....	143.514	247.492
Vörukaup, almenn	2.241.622	1.642.521
Rannsóknarstofuefni ....	6.114	2.797
Kennslu- og föndurvörur ....	862.011	111.442
Ýmsar sérgreindar vörur ....	48.384	147.319
Vörukaup, sérgreind	916.509	261.558
Fundir, námskeið, risna ....	1.127.492	647.104
Ferðir, upphald ....	4.158.713	413.545
Akstur ....	795.884	559.172
Sérfræðipjónusta ....	33.620.401	17.906.305
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	23.380	23.477
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	4.183.801	4.900.573
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	3.091.898	9.610.806
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	47.001.569	34.060.982
Samningsbundin kaup og leiga ....	68.448	0
Afnotagjöld ....	3.343.309	1.939.699
Leigugjöld ....	13.795.453	13.244.064
Notkun véla og flutningatækja ....	116.100	131.434
Verkkaup ....	6.106.534	878.941
Kostnaðarhlutdeild ....	835.233	4.096.359
Tryggingar, lögboðnar ....	225.537	98.540
Opinber gjöld ....	5.434	0
Tilfærslur ....	0	1.624
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	24.496.048	20.390.661
Annar rekstrarkostnaður samtals	74.655.748	56.355.722
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	19.453.673	20.190.040
Aðrar eignir ....	1.024.699	824.699
Niðurfærsla óefnislegra eigna ....	17.827	22.833
	20.496.199	21.037.572

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	113.641.889	130.764.838
Aðrar eignir .....	11.656.995	8.681.694
	<u>125.298.884</u>	<u>139.446.532</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	186.861.180	10.207.510	197.068.690
Viðbætur á árinu .....	2.330.724	4.000.000	6.330.724
	<u>189.191.904</u>	<u>14.207.510</u>	<u>203.399.414</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	56.096.342	1.525.816	57.622.158
Afskrift ársins .....	19.453.673	1.024.699	20.478.372
	<u>75.550.015</u>	<u>2.550.515</u>	<u>78.100.530</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>113.641.889</u>	<u>11.656.995</u>	<u>125.298.884</u>

### 8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	502.905	317.149
	<u>502.905</u>	<u>317.149</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	348.905	216.149
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	154.000	101.000
	<u>502.905</u>	<u>317.149</u>

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	2.170.051	0
	<u>2.170.051</u>	<u>0</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	330.904.928	257.413.509
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	7.477.154	487.200
	<u>338.382.082</u>	<u>257.900.709</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	23.174.465	7.271.423
Skattar .....	116.844	0
	<u>23.291.309</u>	<u>7.271.423</u>

## Skýringar

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(75.726.273)	87.201.748
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(74.831.748)
Afkoma ársins .....	(52.411.108)	(88.096.273)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(128.137.381)</u>	<u>(75.726.273)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>12 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	8.061.154	4.039.538
	<u>8.061.154</u>	<u>4.039.538</u>

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	1.466.370	8.918.704
Önnur ógreidd gjöld .....	477.144	1.046.120
Skattar .....	0	164.154
	<u>1.943.514</u>	<u>10.128.978</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga .....	125.301.862	139.467.337
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(194.285.104)	(188.754.380)
	<u>(68.983.242)</u>	<u>(49.287.043)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	139.467.337	(188.754.380)	(49.287.043)
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	800.000	800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6.330.724	(6.330.724)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(20.496.199)	0	(20.496.199)
	<u>125.301.862</u>	<u>(194.285.104)</u>	<u>(68.983.242)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 20,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2022 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 15,9 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 3,3 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.